

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Landbótasjóð Búnaðarfélags Svínavatnshrepps sem staðfest var 1. mars 2004, nr. 228.

Stjórn Landbótasjóðs Búnaðarfélags Svínavatnshrepps hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

Við 5. gr. skipulagsskrárinnar bætist nýr málslíður er verði 2. málslíður er hljóði svo:

Einnig að standa fyrir og veita framlög til þeirra verkefna sem til hagsbóta kunna að vera fyrir svæðið og íbúa þess að mati stjórnar sjóðsins. Sérstaklega verði horft til orku- og atvinnumála.

Núverandi 2. málslíður verði 3. málslíður.

5. málslíður 1. mgr. 8. gr. skipulagsskrárinnar hljóði svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 5% árlega en þó eigi fyrir en við úthlutun árið 2007.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Landbótasjóð Búnaðarfélags Svínavatnshrepps staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 2006.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniasson.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*